

REGLUGERÐ

fyrir Hitaveitu Laugaráss í Biskupstungum.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um byggðasvæði Laugaráss, svo og utan þess, eftir samningum við stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs.

2. gr.

Stjórn hitaveitu.

Stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs fer með stjórn Hitaveitu Laugaráss, sem er eign Laugarásslæknishéraðs, en rekin sem sjálfstætt fyrirtæki.

Stjórnarnefndin ræður framkvæmdastjóra og eða eftirlitsmann, er sjá um rekstur hitaveitunnar, eftir því sem þörf krefur.

3. gr.

Einkaleyfi hitaveitu.

Hitaveita Laugaráss hefur einkaleyfi á dreifingu og sölu heits vatns á byggðasvæði Laugaráss, svo og eftir sérsamningum hverju sinni utan byggðasvæðisins.

4. gr.

Dreifikerfi og dælustöð.

Hitaveitan lætur leggja stofn- og dreifiaðar, eftir því sem þörf krefur. Húseigandi leggur heimæð eða heimæðar að byggingum sínum og sér um viðhald þeirra. Hitaveitan lætur og byggja dælustöð.

5. gr.

Viðhaldsskylda.

Hitaveitan hefur viðhaldsskyldu á dreifikerfi sínu. Húseiganda er óheimilt að hylja þessar lagnir eða gera þær óaðgengilegar til eftirlits eða viðgerða.

6. gr.

Ábyrgð hitaveitu.

Hitaveitan er ekki bótaskyld, þótt notendur verði fyrir tjóni vegna frosta, ófullnægjandi hita eða vegna rafmagnstruflana, breytinga á hverum eða af öðrum óviðráðanlegum orsökum.

Þá er hitaveitan ekki bótaskyld, þótt tjón verði á mönnum, munum, eða eignum frá hitalögnum innanhúss.

7. gr.

Umsóknir.

Húseigendur og aðrir, sem óska að gerast notendur hitaveitunnar skulu, áður en framkvæmdir hefjast við að leggja dreifikerfi veitunnar, senda framkvæmdastjóra hennar skriflegar umsóknir um aðild að veitunni ásamt upplýsingum um vatnsmagn það, sem þeir óska að fá, svo og upplýsingar um stærð húsa.

Nýir notendur og þeir, sem óska eftir að fá fram breytingar á vatnsmagni sínu, eftir að lagningu upphaflegs dreifikerfis er lokið, skulu og senda umsóknir þar um til framkvæmdastjóra.

Stjórnarnefnd getur tekið sér frest, allt að einu ári, til að verða við beiðni, ef hún hefur í för með sér verulegar breytingar á dreifikerfi veitunnar.

8. gr.

Dælur.

Óheimilt er að tengja dælur við heimæðar. Við innanhússkerfi þarf leyfi framkvæmdastjóra hitaveitunnar til notkunar á dælum.

9. gr.

Takmörkun hitanotkunar.

Hitaveitan getur fyrirskipað takmörkun á hitanotkun, ef hún telur það nauðsynlegt, eða lokað fyrir hita vegna viðgerða. Full hitagjöld ber að greiða, þótt notandi hafi orðið fyrir lokun af slíku.

10. gr.

Viðurlög.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, allt að 30000.00 krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum. Mál út af slíkum brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem er samin og samþykkt af stjórnarnefnd Laugarásslæknishéraðs, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 3 31. janúar 1953, um hitaveitur utan Reykjavíkur, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 10. september 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

S A M Þ Y K K T

fyrir Vatnsveitufélag Laugarásshverfis í Biskupstungum, Árnassýslu.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Laugarásshverfis. Heimili þess og varnarþing er Biskupstungnahreppur í Árnassýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá hverfinu fyrir neyzluvatni.

3. gr.

Stofnendur félagsins eru sláturhús Sláturfélags Suðurlands, héraðslæknisbústaður, héraðsdýralæknisbústaður, sumardvalarheimili Rauða kross Íslands og ábú-